



**HÁSKÓLI
ÍSLANDS**

**Áhættuhegðun unglunga og áhrif snemmtæks
stuðnings**

Sesselja Borg Snævarr Þórðardóttir

Lokaverkefni til BA-prófs

Júní 2024

DEILD MENNTUNAR OG MARGBREYTILEIKA

Áhættu hegðun unglunga og áhrif snemmtæks stuðnings

Sesselja Borg Snævarr Þórðardóttir

Lokaverkefni til BA-prófs í þroskaþjálfafraeði

Leiðbeinandi: Anna Björk Sverrisdóttir, lektor

Deild menntunar og margbreytileika

Menntavísindasvið Háskóla Íslands

Júní 2024

Áhættu hegðun unglunga og áhrif snemmtæks stuðnings

Ritgerð þessi er 10 eininga lokaverkefni til BA-prófs
í þroskaþjálfafraeði við Deild menntunar og margbreytileika
á Menntavísindasviði Háskóla Íslands

© 2024 Sesselja Borg Snævarr Þórðardóttir
Ritgerðina má ekki afrita nema með leyfi höfundar.

Ágrip

Unglingsárin er tímabil líkamlegra og andlegra umbreytinga, þroska, hvatvísi og skapsveiflna. Sjálfsmynd unglunga breytist og tengsl þeirra við samfélagið eykst. Áhugi á nýjum hlutum vaknar og sjálfsmynd þeirra í mikilli mótun á þessum árum. Þessi ár eru mikilvæg fyrir sjálfstæði og ákvörðunartöku þeirra. Í ritgerðinni er leitað svara við rannsóknarspurningunni: *Hvað er áhættuhegðun og hverjar eru birtingarmyndir hennar? Hvers vegna eru lög um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna mikilvæg með tilliti til áhættuhegðunar?* Á þessu tímabili getur áhættuhegðun verið algeng, en allt að 50% unglunga sýna merki um áhættuhegðun á þessum árum. Slík hegðun getur sýnt sig á mismunandi hátt og getur verið allt frá skólaforðun yfir í alvarlegt afbrot. Áhættuþættir áhættuhegðunar geta verið margþættir, tengdir fjárhagslegum aðstæðum og félagslegum tengslum. Í ritgerðinni er fjallað um ný lög sem kallast farsældarlögin sem eiga að stuðla að samþættri þjónustu við börn og fjölskyldur þeirra við vandamálum eins og áhættuhegðun. Lögin eiga að grípa inn í með snemmtækum stuðningi um leið og áskoranir birtast í lífi barns. Hugtakið snemmtækur stuðningur, sem farsældarlögin hafa í för með sér geta gripið fyrr inn í áhættuhegðun unglunga og komið í veg fyrir að vandinn verði alvarlegri með því að veita þeim þann stuðning sem þörf er á. Ritgerðin er fræðileg heimildarritgerð þar sem styðst er við ýmsar rannsóknir bæði íslenskra og erlendra, bækur og greinar sem fjalla um unglingsárin, áskoranir og áhættuhegðun. Niðurstöður ritgerðarinnar sýna að unglingsárin eru tímabil þroska og áskorana, þar sem áhættuhegðun getur verið algeng. Niðurstöður benda til þess að birtingarmynd áhættuhegðunar sé margvísleg. Ástæðu áhættuhegðunar má rekja til líffræðilegra þátta sem og umhverfisþátta og einnig samspil þessara þátta. Þá er ljóst að skólaforðun, sem er ein birtingarmynd áhættuhegðunar, fer vaxandi hér á landi en það er kannski sú birtingarmynd áhættuhegðunar sem best er hægt að hafa jákvæð áhrif á með snemmtækum stuðningi. Snemmtækur stuðningur er nýmæli hér á landi og birtist í lögum um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna. Lögunum er ætlað að stuðla að farsæld barna með því að styðja við bæði barn og fjölskyldur þeirra með snemmtækum stuðningi og samþættri þjónustu. Í ljósi þessa eru farsældarlögin mikilvægt verkfæri til þess að horfa heildarmyndina hjá barni og getur stuðlað að velferð og farsæld þeirra.

Efnisyfirlit

Ágrip	3
Myndaskrá	5
Formáli	6
1 Inngangur	7
2 Unglingsárin	9
2.1 Unglingar	9
2.2 Kynþroski	10
2.3 Heilaþroski	11
3 Áhættuhegðun unglunga	13
3.1 Skilgreining á áhættuhegðun	13
3.2 Áhrifaþættir áhættuhegðunar	14
3.3 Birtingarmyndir áhættuhegðunar	16
3.3.1 Áfengis og vímuefnaneysla	16
3.3.2 Andleg veikindi	17
3.3.3 Átröskun og sjálfsskaði	18
3.4 Skólaforðun	18
3.4.1 Birtingarmyndir skólaforðunar	19
3.4.2 Samspil skólaforðunar og umhverfis	21
4 Lög um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna	23
4.1 Um löginn	23
4.2 Hvernig er verið að innleiða löginn	25
4.3 Snemmtækur stuðningur og farsæld	25
5 Lokaorð	28
Heimildaskrá	31

Myndaskrá

Mynd 1. Líkan um greiningu og íhlutun vegna skólaforðunar (Reykjavíkurborg, 2017).....	20
Mynd 2. Stigaskipting farsældarlaganna (Stjórnarráð Íslands, e.d.)	24

Formáli

Áhugi minn fyrir áhættuhegðun unglunga og hugatakinu snemmtækur stuðningur varð til við störf mín með unglungum síðastliðin tvö ár. Í störfum mínum sem ráðgjafi í búsetuúrræði fyrir börn og ungmenni með margþættan vanda kynntist ég börnum sem „passa“ ekki inn í þann ramma sem kerfin okkar eru hönnuð um og hefðu þurft á inngripi eða stuðningi á að halda fyrr. Seinna meir í starfi mínu sem stuðningsfulltrúi í grunnskóla kynntist ég mörgum unglungum sem hafa leiðst út í mismunandi áhættuhegðanir, þar á meðal skólaforðun. Áhugi minn fyrir því að styðja við þann hóp kviknaði, og fagna ég því að farsældarlögin séu til og geti vonandi gripið þau fyrr með snemmtækum stuðningi.

Ég vil byrja á að þakka leiðbeinandanum mínum Önnu Björk Sverrisdóttur, lektor fyrir góða leiðsögn og þolinmæði við skrifin. Þá vil ég þakka vinum og fjölskyldu fyrir alla þá hjálp sem þau hafa veitt. Þakka foreldrum mínum, tengdforeldrum og ömmum og öfum sem hafa verið mér til trausts og taks, lásu yfir verkefnið og sýndu mér mikinn stuðning og trú. Ég vil sérstaklega þakka Arnari Snæ, maka mínum fyrir ómetanlegan stuðning, þolinmæði og „pepp“. Ég vil þakka þeim Eydísi Evu og Vigdísi Björk, þroskaþjálfum í Garðaskóla fyrir alla þá leiðsögn og kennslu sem þær gáfu mér á meðan ég starfaði hjá þeim. Án ykkar hefði hugmyndin að þessu lokaverkefni ekki sprottið upp og orðið að veruleika. Að lokum vil ég þakka öllum sem aðstoðuðu mig með því að passa dóttur mína, hana Hrafnönnu Rán sem fæddist á meðan skrifunum stóð. Án ykkar aðstoðar væri ég ekki að útskrifast.

Lokaverkefnið tileinka ég öllum þeim unglungum sem ég hef verið svo heppin að fá að vinna með síðastliðin ár.

Þetta lokaverkefni er samið af mér undirritaðri. Ég hef kynnt mér [Vísindasiðareglur Háskóla Íslands](#). (sjá www.hi.is/haskolinn/log_og_reglur, undir Sameiginlegar reglur). Ég hef gætt viðmiða um siðferði í rannsóknum og fyllstu ráðvendni í öflun og miðlun upplýsinga, og túlkun niðurstaðna. Notkun mín á heimildum er í samræmi við 4. mgr. 54. gr. Reglna fyrir Háskóla Íslands nr. 569/2009. Ég vísa til alls efnis sem ég hef sótt til annarra eða fyrri eigin verka, hvort sem um er að ræða ábendingar, myndir, efni eða orðalag. Ég þakka öllum sem lagt hafa mér lið með einum eða öðrum hætti en ber sjálf ábyrgð á því sem missagt kann að vera. Þetta staðfesti ég með undirskrift minni.

Reykjavík, 2. maí 2024

Sesselja Borg Snævarr Þórðardóttir

Sesselja Borg Snævarr Þórðardóttir

1 Inngangur

Unglingsárin, tími líkamlegra og andlegra umbreytinga. Það er margt sem breytist í lífi ungmenna þegar þessi ár skella á. Margar líkamlegar og andlegar breytingar sem fylgja þessu nýja þroskatímabili sem öll ungmenni ganga í gegnum. Sjálfsmyndin tekur á sig nýja mynd og þeir mynda meiri og betri tengsl við fleiri hópa í samfélaginu en þeir gerðu sem börn. Á þessum árum tekur sjálfsmynd unglunga miklum breytingum og það getur haft mikil áhrif á tilfinningar og hegðun þeirra. Auk þess vaknar áhugi á nýjum hlutum sem áttu ekki við fyrr en á unglingsárum. Þetta tímabil á milli bernsku og fullorðinsára getur verið flókið þar sem margþættar breytingar eru að eiga sér stað, líkamlegar, andlegar og félagslegar. Á þessu tímabili hefst kynþroski og sjálfsmynd einstaklinga í mikilli mótun. Þessi ár eru árin þar sem einstaklingur þróar sig áfram í lífinu, þráir meira sjálfstæði og byrjar að taka mikilvægar ákvarðanir. Það mætti því segja að unglingsárin séu eitt viðkvæmasta tímabil sem við göngum í gegnum (Santrock, 2023).

Í þessari ritgerð er rýnt í ólíkar birtingarmyndir áhættuhegðunar og sjónum sérstaklega beint að hugtakinu skólaforðun þar sem höfundur hefur reynslu af því að starfa með unglungum sem af ýmsum ástæðum glíma við þetta vandamál og þar af leiðandi mikilvægt málefni sem vert er að fjalla vel um að mati höfundar.

Til að koma í veg fyrir eða grípa fyrr inn í vanda á borð við áhættuhegðun má meðal annars skoða ný lög sem hafa það að markmiði að stuðla að samþættri þjónustu við börn og fjölskyldur þeirra, ný lög sem kallast lög um samþættingu þjónustu í þágu farsælar barna, sem verða hér eftir kölluð farsældarlögin. Innleiðing farsældarlaganna (lög um samþættingu þjónustu í þágu farsælar barna, nr. 86/2021) er í vinnslu í flest öllum sveitarfélögum en markmið laganna er að stuðla að farsæld barna. Í þessum lögum birtist hugtakið snemmtækur stuðningur og er skilgreint hvernig eigi að háttá snemmtækum stuðningi hjá börnum og ungmennum. Með snemmtækum stuðningi er hægt að grípa öll þau sem þurfa á þjónustu að halda óháð hindrunum eins og greiningum (lög um samþættingu þjónustu í þágu farsælar barna, nr. 86/2021). Í þessari ritgerð verður farið yfir innleiðingu laganna og verður hugtakið snemmtækur stuðningur skoðað ítarlega.

Markmið þessa lokaverkefnis er að varpa ljósi á áhættuhegðun unglunga og ólíkar birtingarmyndir hennar sem og skoða ávinning nýrra laga um samþætta þjónustu þegar kemur að því að mæta þessum vanda. Þá er sérstaklega horft til hugtaksins snemmtæks stuðnings og sjá hvort það geti haft áhrif á slíkan vanda. Áhættuhegðun getur verið margþætt og sýnt sig á misjafnan hátt og getur stigaskipting farsældarlaganna gripið þar inn í eftir alvarleika hvers og eins tilfellis. Lokaverkefnið getur reynst þeim sem vilja kynna sér

ólíkar birtingarmyndir áhættuhegðunar og dýpka þekkingu sína um farsældarlögin og snemmtækan stuðning.

Í ritgerðinni verður rýnt í áhættuhegðun unglunga og mismunandi birtingarmyndir hennar, hugtakið snemmtækan stuðning og hvernig snemmtækur stuðningur geti mögulega haft áhrif á áhættuhegðun unglunga. Auk þess verður leitað eftir svári við eftirfarandi rannsóknarspurningu: *Hvað er áhættuhegðun og hverjar eru birtingarmyndir hennar? Hvers vegna eru lög um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna mikilvæg með tilliti til áhættuhegðunar?*

Ritgerðin er sett upp í fjóra hluta, byrjað er að fjalla um þroskabreytingar unglunga, því næst er fjallað um áhættuhegðun unglunga og birtingarmyndir hennar, í þriðja kafla er fjallað um farsældarlögin, innleiðingu þeirra og rýnt í hugtakið snemmtækur stuðningur og að lokum er farið yfir niðurstöður ritgerða, rannsóknarspurningu svarað og ályktanir höfundar settar fram.

2 Unglingsárin

Hér verður fjallað um þær margvíslegu breytingar sem einkenna unglingsárin og áhrif þeirra á þróun einstaklingsins. Unglingsárin er tími breytinga og uppgötvana. Þessi mikilvægi og áhrifaríki tími á milli bernsku og fullorðinsára markast af líkamlegum, andlegum og félagslegum breytingum þar sem einstaklingur uppgötvar nýjar hliðar sjálfsmyndar, sjálfræðis og félagslegra viðhorfa. (Santrock, 2023). Á þessum árum á sér stað þroski, bæði andlegur og líkamlegur sem hefur áhrif á líðan og reynslu unglings. Líkamlegar breytingar á borð við hraðan þroska og kynþroski eru ríkjandi á unglingsárunum og þróun í hugsun, tilfinningum og hegðun sem leiða til nýs skilnings á sjálfum sér og umhverfi sínu. Þróun á sjálfsmynd og sjálfræði einstaklingsins getur leitt til tilfinningalegra ótta og óróa, en einnig til nýrra uppgötvunar og ávinningar (Steinberg, 2014). Unglingar glíma við óteljandi áskoranir þegar þeir leitast við að finna sinn stað í heiminum og gera sér grein fyrir þróun sjálfsmyndar sinnar. Í ljósi allra þeirra breytinga og áskorana sem eiga sér stað á þessum árum er mikilvægt að skilja þetta þroskaferli og stuðla að góðri leiðsögn og stuðningi á borð við snemmtækan stuðning. Með því að gefa þeim réttan stuðning og leiðsögn í gegnum unglingsárin getum við hjálpað þeim að verða sjálfstæðir og sjálfstraustir fullorðnir einstaklingar (Crone og Dahl, 2012).

2.1 Unglingar

Að vera unglundur er ferðalag fullt af hæðum og lægðum, sigrum og ósigrum. Þetta er tími mikils vaxtar og könnunar þar sem einstaklingur er staddur á milli sakleysis bernskunnar og ábyrgðar fullorðinsáranna. Þetta er tímabil margra lífsbreytinga og þróunar í lífi einstaklings sem getur haft langvarandi áhrif á líf þeirra og vellíðan. Samkvæmt Alþjóðaheilbrigðismálastofnun eru unglundur skilgreindir frá aldrinum 10-19 ára (World Health Organization, e.d.). Unglundur upplifa hraðan líkamlegan, vitsmunalegan og sálfélagslegan vöxt og getur það haft mikil áhrif á líðan þeirra, hvaða ákvarðanir þau taka og á samskipti þeirra við umheiminn. Þetta er tímabil þar sem félags- og tilfinningaþroski eykst og sjálfsmynd unglunga mótast á nýjan hátt (Lightfoot o.fl., 2018). Það er talað um að miðbik unglingsáranna sé sá tími sem einkennist af miklum óróa, hvatvísi og miklum tilfinningasveiflum. Eftir því sem einstaklingurinn eldist og þroskast fara þessar hegðanir minnkandi með auknum þroska á framheilaberki sem á stóran þátt í tilfinningar- og hegðunarstjórnun (Steinberg, 2005).

Þróunin frá barni og yfir að vera unglundur felst í mörgum þáttum. Í frumbersku er vitsmunaleg þroski markaður af mikilvægum áföngum eins og máltöku og táknrænni hugsun (Piaget, 1952). Framfarir í rökhugsun og getu til rökræðu á sér stað en einstaklingur áttar sig

á stöðu sinni í samfélaginu á þessum árum. Breytingarnar á þessum árum einkennast af þróun á sjálfsmynd einstaklings og félagslegri samþættingu (Santrock, 2023).

Að vera unglingur getur verið flókið, margt sem breytist á þessum árum. Unglingsárin einkennast oft af miklum tilfinninga óróa, samfélagslegum þrýsting og félagslegum væntingum sem geta stuðlað að streitu, kvíða og óöryggistilfinningu (Steinberg, 2014). Á þessum árum fara einstaklingar að þróa meira sjálfstæði og sjálfræði. Þegar einstaklingar þroskast leitast þeir eftir meira sjálfstæði og sjálfræði. Leitir að sjálfstæði og sjálfræði getur birst á ýmsan hátt, allt frá uppreisn gegn foreldrum til könnunar á nýrri reynslu og samböndum. Í leit að sjálfstæði eru unglingar í leit af sjálfum sér. Á þessu tímabili eru unglingar að prófa mörk nýs frelsis og móta sína eigin braut í lífinu (Crone og Dahl, 2012). Það mætti lýsa unglingsárunum sem ferðalag með fullt af áskorunum, en það er mikilvægt að taka tillit til þroskaferlisins sem á sér stað á þessum árum. Unglingar upplifa tilfinningasveiflur og líffræðilegar breytingar vegna kynhormóna sem stuðla að kynþroska (Steinberg, 2017). Sambandið á milli unglingsára og þeirra þroskabreytinga á borð við kynþroskann hjálpar okkur að skilja betur heildarmyndina og áhrifin sem þessi mikilvægi þáttur hefur á líðan og hegðun unglunga á þessu lífsstigi.

2.2 Kynþroski

Kynþroski (e. puberty) er tímabil mikilla líffræðilegra, andlegra og félagslegra breytinga sem tákna tímamót frá barnæsku til fullorðinsára. Þetta tímabil felur í sér röð líkamlegra og tilfinningalegra breytinga sem boða upphaf kynþroska. Það ganga allir í gegnum kynþroskann þar sem ákveðnar genasamsetningar fara í gang og hormónin taka völdin. Hjá flestum spannar kynþroskaskeiðið frá 9 ára aldri og til 16 ára. Kynþroskinn getur verið flókið tímabil sem undirbýr einstaklinga fyrir hlutverk þeirra sem félagslega þroskaður og sjálfsöruggur fullorðinn einstaklingur (Steinberg, 2017).

Kynþroski er drifinn áfram af miklum hormónabreytingum sem eru skipulögð í innkirtlunum og berast um líkamann með blóðrásinni. Hormónin andrógen og estrógen eru tveir flokkar hormóna sem hafa mismunandi styrkleika hjá konum og körlum, andrógen er ríkjandi hjá körlum og estrógen ríkjandi hjá konum. Testósterón er tegund af hormóninu andrógen sem spilar mikilvægt hlutverk í kynþroska karla. Með aukningu á testósteróni eiga sér stað miklar líkamlegar breytingar, þar með vöxtur og þroski ytri kynfæra, dýpkun raddar og stökk í líkamshæð. Estrógen er mikilvægt hormón hjá konum sem ýtir undir kynþroska hjá konum. Með hækkandi magni estrógens þroskast brjóst, mjaðmir breikka og blæðingar

hefjast. Þetta ferli hefur í för með sér bæði innri og ytri breytingar á kynfærum (Santrock, 2023).

Samhliða líkamlegum breytingum hefur kynþroski einnig áhrif á tilfinningalegan og vitrænan þroska. Á þessu tímabili geta unglingar fundið fyrir skapsveiflum, aukinni næmni fyrir félagslegum viðhorfum og aukinni áhættuhegðun. Þessar breytingar eru tengdar þroska og þeim umbreytingum sem eiga sér stað í heilanum, en í heilanum eru sérstök svæði sem bera ábyrgð á ákvarðanatöku og tilfinningastjórnun (Steinberg, 2017).

Þó að kynþroski sé staðlað þroskaferli getur þetta verið krefjandi tími fyrir marga unglunga. Hormónasveiflur, ásamt félagslegum þrýstingi geta stuðlað að auknum andlegum veikindum á borð við kvíða, þunglyndi og átröskun. Snemmtækur stuðningur og gott stuðningsumhverfi eru nauðsynleg til að draga úr slíkri áhættu (Patton o. fl., 2016).

2.3 Heilaþroski

Á unglingsárunum gengur heilinn í gegnum miklar skipulags- og virknibreytingar og umbreyting á viðhorfum eru miklar. Á þessu tímabili verður aukinn skilningur til og unglingar læra á og að þekkja tilfinningar sínar með auknum þroska. Skilningur á þessum umbreytingum er nauðsynlegur til að skilja þær einstöku áskoranir og tækifæri sem einkenna þetta lífsskeið. Rannsóknir hafa sýnt fram á að það verða breytingar á vissum svæðum í heilanum á þessu tímabili, meðal annars á framheilanum, heilahvelinu, randkerfinu (limbíska kerfið) og möndlunni (Santrock, 2023).

Auk þess eiga sér stað tengsl á milli heilahvela sem aukast á unglingsárunum. Þar fer fram hæfnin við að meðtaka upplýsingar og vinna úr þeim. Framheilinn er svæðið sem ber ábyrgð á framkvæmdarhlutverkum eins og ákvörðunartöku, rökhugsun og sjálfsstjórn. Það er því mikilvægt að framheilinn þroskist eðlilega vegna taugaboða sem hjálpa unglungum að takast á við áskoranir eins og til dæmis að standast hópþrýsting. Randkerfið er svæðið sem stjórnar tilfinningum og hvötum, og það svæði sem hefur mest áhrif á tilfinningar okkar er mandlan. Á unglingsárunum eiga sér stað miklar tengingar á milli heilahvela og með auknum heilaþroska breytast margir þættir. Taugaslíðrið er fituefni sem umlykur taugaþræði sem flytja taugaboð frá taugafrumum til annarra frumna í líkamanum sem þroskast er aukning á þessu á unglingsárunum. Samhæfing eykst vegna aukinnar getu taugaslíðsins. Hún er mikilvæg fyrir tilfinningaþroskann og unglungum tekst betur að stjórna tilfinningum sínum með aukinni hæfni (Santrock, 2023).

Við kynþroska breytist magn taugaboðefna, eins og taugaboðefnið dópamín sem eykst á þessu tímabili í bæði framheilanum og randkerfinu. Aukning á dópamíni getur verið bæði jákvæð og neikvæð. Aukning dópamíns hjá unglungi hefur verið tengt við aukna

áhættuhegðun og notkun fíkniefna. Hins vegar getur aukning á dópamíni gefið unglingsi aukið hugrekki og kjark (Santrock, 2023).

Vitsmunalegir hæfileikar verða fyrir mikilli fágun á unglingsárunum sem endurspeglar framfarir í rökshugsun og hvernig einstaklingurinn vinnur úr vandamálum. Vísindamaðurinn Jean Piaget setti fram kenningu að einstaklingar þróast í gegnum fjögur vitsmunaleg stig;

- Skynhreyfistig 0-2 ára, sálfræðilegar formgerðir á þessu stigi nefnast skemu, t.d. sogskema og bitskema.
- Foraðgerðarstig 2-7 ára, táknbundin hugsun kemur fram. Sjálflægni einkennir hugsun. Varðveisluskilning vantar.
- Stig hlutbundinna aðgerða 7-12 ára, hlutbundin aðgerðarhugsun kemur til og varðveisluskilningur eykst.
- Stig formlegra aðgerða 12-16 ára, sálfræðilegar aðgerðir ná fullum þroska og vísindaleg hugsun kemur fram.

Þessar breytingar í þroska heilans stuðla að aukinni næmni fyrir umbun og félagslegu áreiti sem sést á unglingsárum, sem og aukinni næmni fyrir áhættuhegðun (Santrock, 2023).

Síðasta stigið í kenningu Piaget er það þroskastig sem er aðallega litið til í þessari ritgerð. Á þessu stigi geta einstaklingar tekið þátt í afleiðandi rökhugsun, sett fram tilgátur og íhugað marga möguleika þegar þeir þurfa að leysa vandamál. Hugsun einstaklings verður meira kerfisbundin, rökréttari og einstaklingur getur sett sig í aðstæður sem einstaklingurinn er ekki í og leyst þær með rökhugsun (Santrock, 2023). Sem dæmi um aðstæður þar sem einstaklingur á unglingsaldri beitir slíkri rökhugsun á er áhættuhegðun; einstaklingi er boðið að prufa áfengi og/eða eiturlyf. Einstaklingurinn reynir þá að setja sig í þá stöðu, metur áhættuna og ávinninginn sem fylgir þeirri ákvörðun að taka boðinu eða víkja frá því. Einstaklingurinn gæti íhugað þætti eins og hópþrýsting, skammtíma og langtíma afleiðingar og samfélagslega viðurkenningu. Með rökhugsun getur einstaklingurinn vegið og metið hugsanlegar afleiðingar af því að taka þátt í slíkri áhættuhegðun jafnvel þótt að aðstæðurnar sjálfar séu ekki raunverulega til staðar á því augnabliki sem ákvörðunin er tekin.

3 Áhættuhegðun unglunga

Í þessum hluta er farið yfir skilgreiningu á áhættuhegðun, áhrifaþætti áhættuhegðunar og helstu þætti áhættuhegðunar hjá unglingum eins og skólaforðun. Áhættuhegðun getur sýnt sig á öllum aldurskeiðum en slík hegðun á oft rætur sínar að rekja til reynslu eða hegðunar í barnæsku. Þegar áhættuhegðun sýnir sig fyrst í barnæsku eru mun meiri líkur á því að hún þróist í andfélagslega hegðun á fullorðinsárum (Freydís Jóna Freysteinsdóttir, 2008).

Áhættuhegðun getur fyrst sýnt sig sem hegðunarvandi á barnsaldri og fylgt einstaklingi til fullorðins ára. Þó að tilhneigingin að taka áhættu sé ekki eins áberandi hjá ungum börnum má samt sem áður sjá ýmsar vísbendingar eða undanfara sem vísa til áhættuhegðunar. Undanfararnir geta verið til dæmis hvatvísi og skortur á tilfinningahæfni, en það geta verið algeng einkenni hjá börnum sem síðar meir taka þátt í áhættuhegðun (Fossati o. fl., 2002).

Upplifun í bernsku eins og ósamræmi í uppeldi, ofbeldi eða áföll geta einnig stuðlað að þróun áhættuhegðunar síðar á ævinni (Lansford o. fl., 2002). Eins og komið hefur fram á áhættuhegðun það til að aukast á unglingsárunum þar sem einstaklingar á þeim aldri eru að prófa sig áfram í lífinu og leitast eftir félagslegri viðurkenningu sem getur leitt með sér alvarlegar afleiðingar. Samkvæmt rannsóknum hafa yfir 50% unglunga sýnt af sér einhverskonar áhættuhegðun (Brechwald og Prinstein, 2011; Bonino o.fl., 2005).

3.1 Skilgreining á áhættuhegðun

Áhættuhegðun á sér margar birtingarmyndir á meðal unglunga en þetta er það tímabil sem þeir eru að prófa sig áfram í lífinu. Samkvæmt Barnaverndarstofu er hugtakið áhættuhegðun skilgreind sem athöfn eða skortur á athöfn barns sem veldur barninu sjálfu eða öðrum skaða eða er líkleg til að valda því eða öðrum skaða (Barnaverndarstofa, 2012,). Hugtakið áhætta hefur tvær merkingar, bæði jákvæða og neikvæða. Jákvæð áhætta getur falið í sér tækifæri sem hafa jákvæðar afleiðingar en neikvæð áhætta hefur aftur á móti hættu sem getur haft neikvæðar afleiðingar (Sigrún Aðalbjarnardóttir, 2019). Hér verður sjónum frekar beint að neikvæðri áhættu.

Það er hægt að flokka áhættuhegðun í nokkra flokka þar sem áhættuhegðun á sér margar birtingarmyndir líkt og skilgreiningin gefur til kynna. Barnavernd á Íslandi flokkar áhættuhegðun í fimm flokka, neyslu barna á vímuefnum og áfengi, sjálfsskaða, afbrot, ofbeldi gagnvart öðrum og að lokum erfiðleikar í skóla. Í fyrsta flokknum er fjallað um neyslu barna á vímuefnum svo sem umfangsmikilli neyslu áfengis, fíkniefnum eins og gras/hass, e-pillur, kókaín, LSD og heróín og lyfjum sem leiða til vímu eins og ritalín, sjóveikistöflur og þunglyndislyf. Í öðrum flokki er sagt frá þegar börn sýna sjálfsskaðandi hegðun til dæmis með

því að veita sjálfu sér áverka eins og að skera sig, reyna svipta sig lífi og alvarleg átröskun. Þriðji flokkurinn samkvæmt Barnavernd (2012) er afbrot barns, það getur verið allt frá að barn virðir ekki útvistarreglur, að barn taki þátt í eða fremur glæpi eins og þjófnað, innbrot eða skemmdarverk. Fjórdi flokkurinn um áhættuhegðun fjallar um ofbeldi þar sem talað um bæði andlegt og líkamlegt sem og kynferðislegt og tilfinningalegt ofbeldi eins og ógnanir með áhöldum eins og hnífi, lífshótanir. Síðasti flokkurinn eða fimmti flokkurinn er um erfiðleika barns í skóla. Skólaforðun dettur undir þennan flokk ásamt því þegar börn sinna ekki heimalærdómi og/eða mæta ekki með þau áhöld sem þau þurfa þrátt fyrir að foreldrar reyni sitt besta að stuðla að því að barnið sitt sinni skóla (Barnaverndarstofa, 2012). Skólaforðun er sívaxandi vandamál hér á landi (Velferðarvaktin, 2019) og ekki er víst að allir átti sig á því að þessi forðun flokkast undir áhættuhegðun. Í ljósi þess að þessi vandi er að aukast verður þessu gefin sérstakur gaumur í ritgerðinni og verður fjallað nánar um skólaforðun síðar í ritgerðinni.

Unglingar sem taka þátt í tómsundum utan skólatíma eru ólíklegri til að leiðast út í áhættuhegðun. Þeir unglíngar sem eyða meira en 3 klukkustundum daglega að heiman (e. „hanging on the street“) eiga í meiru hættu að leiðast út í áhættuhegðun á borð við áfengi- og fíkniefnaneyslu og glæpastarfsemi. Að stunda tómsundir getur þar af leiðandi komið í veg fyrir áhættuhegðun unglíngar þar sem í tómsundum þróa einstaklingar með sér jákvæð tengsl á milli ungs fólks, lista og samfélags (Lipowski o. fl., 2015).

Mikilvægt er að reyna að koma í veg fyrir áhættuhegðun á meðan einstaklingar eru enn ungir því ef ekkert er gert getur slík hegðun fylgt einstaklingnum það sem eftir er af lífi þeirra. Talið er að börn og unglíngar sem sýna slíka hegðun snemma eigi erfiðara með að snúa sér af þeirri braut (Hale og Viner, 2016).

3.2 Áhrifaþættir áhættuhegðunar

Það geta verið margar ástæður fyrir því að unglíngar sýna áhættuhegðun, til að mynda vanrækslu eða ofbeldi, netnotkun og neikvæð líkamsmynd. Staða einstaklingsins eins og tengsl þeirra við foreldra eða forráðamenn, fjárhagslegar aðstæður og staða þeirra í félagslífi getur einnig haft áhrif á áhættuhegðun unglíngar (Elísabet Karlsdóttir og Erla Björg Sigurðardóttir, 2015; Lansford o. fl, 2002).

Fjölskyldur gegna mikilvægu hlutverki við að móta hegðun og þroska unglíngar og getur fjölskyldan þar að leiðandi verið stór áhættuþáttur í áhættuhegðun unglíngar. Unglíngar sem eru aldrið upp í stuðningsríkum- og samheldnum fjölskyldum eru ólíklegri til að taka þátt í áhættuhegðun eins og áfengis- og vímuefnaneyslu, afbrotum og ofbeldi (Van Ryzin o. fl., 2012). Samkvæmt lögum eiga öll börn rétt á viðeigandi uppeldisaðstæðum þar sem komið er

fram við þau af umhyggju og nærfærni (Barnaverndarlög nr. 80/2002). Aftur á móti stuðlar fjölskylduumhverfi sem einkennist af átökum, vanrækslu og litlum aga til meiri áhættuhegðunar hjá unglingum. Áhættuþættirnir innan fjölskyldunnar geta verið margskonar. Má þar nefna uppeldisaðferðir þar sem er lítill eða lélegur agi, skortur á eftirfylgni og tengslum. Aðrir þættir sem geta ýtt undir áhættuhegðun hjá barni eru til að mynda saknæmi foreldris, ofbeldi og vanræksla, ágreiningur á milli foreldra, fátækt, skilnaður, geðræn vandamál og áfengis- og vímuefnaneysla innan heimilisins (Freydís Jóna Freysteinsdóttir, 2008).

Það er hægt að tengja áhættuhegðun við börn sem alast upp hjá foreldrum sem eiga við áfengis- og vímuefnavanda að stríða. Þessi hópur barna eru í meiri hættu á að sýna áhættuhegðun. Börn sem eiga foreldra sem glíma við geðræn vandamál eru einnig í meiri hættu á að sýna áhættuhegðun. Börn sem búa við slíkar aðstæður skortir yfirleitt stuðning, eftirlit og mörk (Freydís Jóna Freysteinsdóttir, 2004). Áfengis- og vímuefnaneysla foreldris getur truflað og raskað fjölskyldulífið sem getur leitt til óstöðugleika, vanrækslu og áföll fyrir börn. Slík reynsla getur mótað skynjun barna á áhættu og haft þar af leiðandi áhrif á hegðun þeirra á unglings- og fullorðinsárum sem getur leitt til áhættuhegðunar (Lander o. fl., 2013). Að alast upp í umhverfi með litlu sem engu skipulagi og með lítið utanumhald af sökum áfengis- og vímuefnaneyslu foreldris getur stuðlað að streitu, kvíða og lágu sjálfsmati hjá börnum og/eða unglingum. Þessir sálrænu þættir geta valdið áhættuhegðun hjá börnum/unglingum þegar þeir leita sér leiða til að takast á við aðstæður sínar (Shin o. fl., 2009).

Íslensk rannsókn sem var byggð á tilkynningum til barnarverndar um unglunga með áhættuhegðun sýndi fram á að það væru tengsl á milli vanrækslu og/eða misbrests í uppeldi barna og áhættuhegðunar. Þessi rannsókn sýndi fram á það að þau börn sem búa við ofbeldi, áfengis- og/eða vímuefnaneyslu eða fjárhagserfiðleikum sýni frekar áhættuhegðun (Freydís Jóna Freysteinsdóttir, 2008). Það má því sjá út frá þessari rannsókn að jákvæð og sterk tengsl á milli unglunga og foreldra getur haft góð áhrif á líðan og þroska unglunga. Þeir unglingar sem mynda jákvæð og sterk tengsl á milli sín og foreldra og verja tímum með þeim eru ólíklegri til að finna fyrir kvíða og/eða öðrum andlegum röskunum. Þar af leiðandi er minni hætta á að þeir leiðist út í áhættuhegðun. Það er lykilþáttur fyrir andlegu líðan unglunga að þeir finni fyrir umhyggju, stuðningi, hlýju og öryggi frá foreldrum sínum og að þeir geti leitað til foreldra sinna eftir aðstoð. Það er mikilvægur þáttur í þroskaferli unglunganna (Hrefna Pálsdóttir, o. fl., 2014). Misbrestur á borð við vanrækslu eða ofbeldi í uppeldi barns getur haft mikil áhrif á líðan og ákvarðanatöku þess. Barn sem verður fyrir ofbeldi eða vanrækslu er

í meiri hættu á að leiðast frekar út í áhættu hegðun á borð við áfengis- og vímuefnaneyslu og/eða alvarleg afbrot (Shin o. fl., 2009).

Í gegnum árin hefur netnotkun barna og unglunga farið vaxandi og er orðin viss áhættuþáttur fyrir áhættu hegðun (Durkee, o. fl., 2012) og er hún algengust hjá börnum og unglingum. Með meiri notkun samfélagsmiðla í gegnum síma og/eða spjaldtölvur hafa unglingar greiðara aðgengi að hvert öðru sem gerir það að verkum að stríðni eða einelti á netinu verður auðveldara. Samkvæmt rannsóknum hafa tæplega 10% barna á aldrinum 13-15 ára upplifað einelti í formi særandi eða andstyggilegra skilaboða frá einstaklingi eða hópi á netinu (Hrefna Pálsdóttir, o. fl., 2014). Með því að nýta netið fyrir einelti er hægt að ná til margra á afar stuttum tíma og gerir þar að leiðandi auðveldara fyrir einstaklinga að leggja í einelti án þess að þurfa að horfast í augu við fórnarlambið (Reykjavíkurborg, 2017).

Eitt af því sem ýtir undir áhættu hegðun er neikvæð líkamsmynd sem má skilgreina sem skynjun, tilfinningar og hugsanir einstaklings um líkama sinn. Neikvæð líkamsmynd á sér stað þegar skoðanir einstaklings á líkama sínum felur í sér ósamræmi milli raunverulegs ástands og hugmyndinni um hinn fullkomna líkama (Holland og Tiggerman, 2016). Rannsóknir hafa sýnt fram á að lögð er mikil áhersla á granna vöxt kvenna í fjölmiðlum. Ljósmyndir sem sýna ofurgrannar fyrirsætur geta haft neikvæð áhrif á líkamsmynd kvenna og getur leitt konur til að þróa með sér alls konar kvilla. Þær konur sem eru óánægðar með líkamsmynd sína eru í meiri hættu að glíma við átraskanir, kvíða, þunglyndi og áráttaþráhyggju einkenni. Neikvæð líkamsmynd er algeng meðal kvenna og er oftast beint að ákveðnum líkamshlutum eða öllum líkamanum (Unnur Guðnadóttir, 2011). Neikvæð líkamsmynd er algengari á meðal unglingsstúlkna en talið er að um 50% þess hóps sé óánægður með líkamsmynd sína (Holland og Tiggerman, 2016).

3.3 Birtingarmyndir áhættu hegðunar

Eins og komið hefur fram getur birtingarmynd áhættu hegðunar verið margþætt.

Þegar unglingur tekur þátt í áhættu hegðun getur það stafað af samsetningu líffræðilegra- félagslegra- og andlegra þátta (Santrock, 2023). Ein helsta ástæða áhættu hegðunar á unglingsárum er tilhneiging okkar að kanna og prufa okkur áfram. Þegar unglingur leitast eftir staðfestingu á sjálfsmýnd sinni og sjálfstæði geta þeir fundið sig knúna til að kanna nýja hluti og ögra. Þessi könnun felur oft í sér að gera tilraunir á nýjum og oft eru það hlutirnir sem eru bannaðir mest spennandi í augum unglunga (Steinberg, 2008).

3.3.1 Áfengis og vímuefnaneysla

Áfengis- og vímuefnaneysla getur verið ein birtingarmynd áhættu hegðunar hjá unglingum. Neysla áfengis- og vímuefna á meðal unglunga er mismunandi eftir menningarlegum,

samfélagslegum og einstaklingsbundnum þáttum. Hins vegar benda rannsóknir stöðugt til þess að tilraunir með áfengi og vímuefni hefjist oft á unglingsárunum (Johnston o. fl., 2020).

Rannsóknir hafa sýnt fram á að hófleg áfengisneysla hjá unglingum getur borið með sér tækifæri til að kynnast nýju fólki þar sem áfengi hefur oft þau áhrif að einstaklingur verður opnari og hressari. Flestir neyta áfengis í hóflegu magni og sér til skemmtunar. Hins vegar felst í hóflegri áfengisneyslu einnig áhætta því að slík neysla getur farið úr böndunum og leitt til vandamála eins og áfengissýki (alkóhólismi) með alvarlegum afleiðingum. Algengt er að unglingar sem þróa með sér áfengis- og vímuefnaneyslu glími við kvíða og aðrar andlegar raskanir, hegðunvandamál, slakan námsárangur og óvarkárni í kynlífi (Sigrún Aðalbjarnardóttir, 2019).

Það geta verið ýmsir þættir sem stuðlað að áfengis- og vímuefnaneysla hefjist hjá unglingum. Jafningjaáhrif er einn helsti þátturinn sem leiðir til þess að unglingur byrjar að neyta slíkra efna. Unglingar eru í leit að viðurkenningu og samþykki frá jafnöldrum sínum, sem getur leitt til þess að þeir taki þátt í athöfnum eins og að prufa áfengi eða önnur vímuefni (Borsari og Carey, 2001). Annar þáttur sem getur spilað inn í drykkju unglunga og vímuefnaneyslu er fjölskyldan. Eftirlit foreldra og samskipti þeirra við unglunga um áfengi og vímuefni getur haft áhrif á neyslu unglunga á þessum efnum (Van Rysin o. fl., 2012). Að auki geta þættir eins og hvatvísi og andleg vanlíðan einnig aukið líkurnar á að unglingur tekur þátt í áhættuhegðun á borð við áfengis- og vímuefnaneyslu (Lisdahl o. fl., 2018).

Neysla áfengis og vímuefna hjá unglingum getur haft neikvæð áhrif á heilaproska, persónuþroska og þróun á félagshæfni. Það er því mikilvægt að reyna að takast á við slíka áhættuhegðun og reyna að fresta neyslu unglunga á þessum efnum eins og hægt er til að koma veg fyrir þær afleiðingar sem slík neysla getur haft í för með sér (Sigrún Aðalbjarnardóttir, 2019).

3.3.2 Andleg veikindi

Andleg veikindi eins og þunglyndi er afar algengt hjá unglingum og eru kvíðaraskanir algengastar í þessum aldurshóp. Slík veikindi geta haft alvarlegar afleiðingar og í sumu tilfellum leitt til sjálfsvígs. Samkvæmt Alþjóðaheilbrigðisstofnun er talið að um 3,5% barna á aldrinum 10-14 ára og um 4,5% á aldrinum 15-19 ára glími við kvíðaröskun, 1,1% á aldrinum 10-14 ára glíma við þunglyndi en 2,8% á aldrinum 15-19 ára. Kvíði, þunglyndi og önnur andleg veikindi geta átt stóran þátt í lélegri skólasókn hjá barni og í kjölfarið einangra þessi börn sig félagslega og upplifa þar að leiðandi mikinn einmanaleika (World Health Organization, 2021). Rannsóknir hafa sýnt fram á að stúlkur séu líklegri til að þróa með sér þunglyndi eða önnur andleg veikindi heldur en drengir á unglingsárunum. Talið er að ástæðan fyrir því að stúlkur þrói frekar með sér andleg veikindi er að stúlkur eiga það frekar

til að dvelja lengur við mótlæti og þungum hugsunum og magna sína vanlíðan upp (Santrock, 2023).

Sjálfmynd kvenna og þá sérstaklega líkamsmynd kvenna er oftast neikvæðari en hjá körlum, konur verða fyrir meiri mismunum og kynþroski hefst fyrr hjá stelpum. Á unglingsárunum upplifa stúlkur samruna af breytingum og lífsreynslu sem geta leitt til þunglyndis. Andleg veikindi á borð við þunglyndi getur leitt til mikils vanlíðan og í þeim alvarlegustu leiðir það til sjálfsvígs. Sjálfsvígshugsanir eru sjaldgæfar hjá börnum en eykst á unglingsárunum og enn frekar á fullorðinsárum. Nýlegur þvermenningarlegur samanburður á unglingsárunum 15-19 ára segir til um að hæsta tíðni sjálfsvíga hjá þessum aldurshópi hafi verið í Nýja Sjálandi. Ísland fylgir síðan á eftir í öðru sæti. Lægsta tíðnin átti sér stað í Grikklandi og Ísrael (Santrock, 2023). Í dag er sjálfsvíg fjórða algengasta dánarorsök unglunga á aldrinum 15-19 ára (World Health Organization, 2021).

3.3.3 Átröskun og sjálfsskaði

Átröskun er alvarlegur geðsjúkdómur sem á sér margar birtingarmyndir en þær algengustu er lystarstol (e. anorexia nervosa), lotugræðgi (e. bulimia nervosa) og lotuofát (e. binge eating disorder). Átraskanir geta haft áhrif á einstaklinga á öllum aldri en algengast er að þær komi fram á unglingsárunum, tímabil sem einkennist af miklum breytingum í lífi einstaklings (Santrock, 2023). Unglingar sem glíma við átröskun eiga það til að stunda áhættu hegðun á borð við sjálfsskaða, áfengis- og vímuefnaneyslu og sjálfsvígstilraunir. Þessi áhættu hegðun er þeirra leið til að meðhöndla erfiðar tilfinningar, lágt sjálfsálit og neikvæðri líkamsmynd sem tengist átröskuninni. Auk þess geta einstaklingar sem glíma við átröskun gert miklar kröfur til sín og þar að leiðandi takmarkað mataræði og stundað óhóflega hreyfingu sem getur stofnað líkamlegri heilsu þeirra og vellíðan í hættu (Peebles, o. fl., (2011).

Síðasta birtingarmynd áhættu hegðunar sem fjallað verður um er skólaforðun en hér fyrir neðan er rýnt í það hugtak.

3.4 Skólaforðun

Eins og komið hefur fram eru birtingarmyndir áhættu hegðunar margskonar, en ein þeirra er skólaforðun.

Skólaforðun (e. school refusal) er margþætt vandamál sem nær yfir flókið samspil sálrænna, félagslegra og umhverfispáttá. Á Íslandi gilda lög um skólaskyldu fyrir börn og unglunga á aldrinum 6 – 16 ára (Lög um grunnskóla, nr. 91/2008). Lögin kveða á um að barn á þessum aldri ber skylda að mæta í skólann og sinna starfi sínu í skólanum. Barn sem glímir við skólaforðun er, eins og hugtakið gefur til kynna, að forðast það að mæta í skólann og sinnir þar að leiðandi ekki sínu starfi í skólanum sem er þá að stangast á við lögin um

skólaskyldu barna í grunnskólum hér á landi. Svo virðist vera að foreldrar og forráðamenn virða oft ekki skólaskyldu barna og hafa of mikið rými til að heimila leyfi fyrir börnin sín. Frí fjölskyldna eru oft ekki skipulögð í samræmi við frídaga á skóladagatali og missa þá börn og unglunga þar af leiðandi úr skólanum (Alma Ómarsdóttir, 2024). Þó svo ekki megi tengja þetta beint við skólaforðun þá gefur þetta viðhorf foreldra til kynna að mögulega sé ekki endilega litið á skólaforðun sem áhættuhegðun þar sem fjarvera frá skóla er ekki talin vera tiltökumál.

Samkvæmt rannsókn sem var framkvæmd á vegum Velferðarvaktarinnar (Stjórnarráð Íslands, 2019b) komu vísbendingar um að 2,2% barna og ungmenna á Íslandi glíma við skólaforðun.


Ástæður skólaforðunar geta verið margar og eru einnig oft flóknar. Fræðimennirnir Kearney og Albano (2007) tala um að skólaforðun sé regnhlífarhugtak yfir mismunandi birtingarmyndir þess þegar barn eða unglingur mætir illa eða ekkert í skólann, er fjarverandi með litlar sem engar skýringar á fjarvist sinni og/eða á í erfiðleikum með að vera viðstaddur heilan skóladag (Reykjavíkurborg, 2017). Það geta verið margskonar ástæður fyrir því að barn vilji ekki mæta í skóla og því mikilvægt að skólinn og foreldrar vinni saman við að finna lausn á skólaforðun barnsins (Sjónarhóll, 2023). Skólaforðun má rekja til kvíða, þunglyndis eða erfiðra heimilisaðstæðna en eins og fram hefur komið er talið að um 2,2% grunnskólanema hér á landi glími við skólaforðun (Samband íslenskra sveitarfélaga, 2019).

Skólaforðun getur átt sér stað á öllum aldri en talið er að aukin hætta sé á skólaforðun þegar einhverskonar breytingar eiga sér stað lífi barnsins, breytingar á borði við skilnað foreldra, flutningur um skóla eða önnur breyting sem getur valdið kvíða (Elliot, 1999). Það má álykta að skólaforðun geti farið versnandi á aldrinum 13 – 14 ára eða þegar unglingar eru að byrja á kynþroskaskeiðinu, enda margar líkamlegar breytingar að eiga sér stað á því tímabili. Fjölskylduumhverfi gegnir því mikilvægu hlutverki í að móta upplifun barna þegar kemur að skólaforðun, þar sem fjölskyldulíf hefur mikil áhrif á hegðun og tilfinningalegan líðan. Rannsóknir sýna fram á það að börn sem búa í slæmu fjölskylduumhverfi, hvort sem það er ósætti innan fjölskyldunnar, skilnaður foreldra eða ofverndandi uppeldisaðferðir getur ýtt undir vanlíðan barns og þar af leiðandi leitt til skólaforðunar (Bernstein og Borchardt, 1996; Kearney og Silverman, 2007).

3.4.1 Birtingarmyndir skólaforðunar

Skólaforðun á sér margar birtingarmyndir en oft eru einkenni skólaforðunar líkamlegir verkir, andlegir erfiðleikar og/eða uppnám og erfið hegðun gagnvart foreldrum eða skólastarfsmönnum (Wimmer, 2013). Algengast er að börn kvarti yfir verkjum eins og höfuðverk, magaverk, svima eða niðurgangi rétt áður en þau halda af stað í skólann. Önnur

einkenni skólaforðunar geta verið skapofsaköst, aðskilnaðarkvíði, forðun og að ögra eða sýna óhlýðni. Ef barnið fær sínu fram að vera heima í stað þess að mæta í skólann hverfa þessi líkamlegu einkenni oftast strax. Einkennin birtast samt sem áður fljótt aftur næsta morgun þegar haldið er í skólann á ný (Reykjavíkurborg, 2017). Skólaforðun má gjarnan skipta niður í stig sem segja til um alvarleika og hversu lengi barn eða unglingur hefur sýnt einkenni skólaforðunar. Stigin eru þrjú og eru skilgreind í (sjá mynd 1): stig 1: skamvinn skólaforðun, stig 2: langvinn, vægari skólaforðun og stig 3: langvinn, alvarlegri skólaforðun (Reykjavíkurborg, 2017).



Mynd 1. Líkan um greiningu og ihlutun vegna skólaforðunar (Reykjavíkurborg, 2017).

Skólaforðun hefur ávallt áhrif á einstaklinginn og þeirra fjölskyldu og þess vegna er mikilvægt að grípa sem allra fyrst inn í til að koma í veg fyrir langtímaáhrif. Auknar líkur eru á að skólaforðun hafi langtímaáhrif eftir því sem barn eða unglingur er lengur frá skóla. Skólasálfræðingurinn Mary B. Wimmer (2013) hefur greint frá því að skammtímaáhrif skólaforðunar geta verið augljós eins og náms- og tilfinningarlegir erfiðleikar, áhættuhegðun og erfiðleikar í samskiptum við fjölskyldu og vini og vanræksla. Samkvæmt Wimmer eru langtímaáhrif skólaforðunar alvarlegri og geta haft áhrif á atvinnuþáttöku foreldra, erfiðleika í hjónabandi, áfengis- og fíkniefnavanda, áhættuhegðun og á kvíða og þunglyndi.

Óöryggi í skólanum, sérstaklega vegna eineltis eða ofbeldis getur valdið því að barn vilji frekar dvelja heima í stað þess að mæta í skólann. Slíkt óöryggi getur haft neikvæðar afleiðingar á þáttöku barns í námi sem getur þar af leiðandi leitt til skólaforðunar (Reykjavíkurborg, 2017).

Skólaforðun er margþætt vandamál sem getur haft alvarlegar afleiðingar fyrir börn og ungmenni og fjölskyldur þeirra. Með því að skoða ástæður og einkenni skólaforðunar, ásamt mögulegum langtímaáhrifum er hægt að stefna að því að skapa viðeigandi stuðning og lausnir til að tryggja að börn og ungmenni fái réttan stuðning og tækifæri til að vaxa og þroskast innan skólakerfisins (Reykjavíkurborg, 2017).

3.4.2 Samspil skólaforðunar og umhverfis

Forvarnir er talin vera árangursríkasta íhlutunin þegar kemur að skólaforðun. Mikilvægt er að öllum líði vel skólaumhverfinu og að nemandi upplifi öryggi og stuðning frá kennara og að nemandi hlakki til að mæta í skólann (Khursheed o. fl., 2021). Hins vegar er skólaumhverfið ekki endilega næmt fyrir þeim undirliggjandi áskorunum sem börn og unglingar upplifa og þess vegna getur það leitt til þess að nemendur forðist þennan stað sem í raun gengur út frá ákveðnu normi barna. Skólakerfið mætir því ekki alltaf ólíkum þörfum nemanda og tekur þar af leiðandi ekki tillit til inngildandi stefnu skólanna um nám fyrir alla (Edda o.fl., 2021).

Virgni og þátttaka unglings í tómsundum er mikilvæg til að koma í veg fyrir áhættuhegðun eins og skólaforðun. Það hefur verið sýnt fram á að þeir unglingar sem eru virkir í tómsundum sýni sjaldnar einkenni áhættuhegðunar þar sem þeir unglingar sem eru virkir í tómsundum þróa með sér tengsl og félagslega þátttöku einangrast þar af leiðandi ekki eins auðveldlega (Lipowski o. fl., 2015).

Í skólum hér á landi ríkir stefna sem kallast skóli án aðgreiningar. Samkvæmt Aðalnámskrá grunnskóla er skilgreiningin á hugtakinu skóli án aðgreiningar: Menntun án aðgreiningar er samfellt ferli sem hefur það að markmiði að bjóða upp á góða menntun fyrir alla. Borin er virðing fyrir fjölbreytileika og mismunandi þörfum, hæfileikum og einkennum nemenda og leggja skal áherslu á að útrýma öllum gerðum mismununar og aðgreiningar í skólum (Aðalnámskrá, 2011). Þessi skilgreining gefur til kynna að skólar hér á landi hafa það að markmiði að stuðla að velferð og góðri menntun fyrir öll börn, óháð mismunandi þörfum og hæfileikum hvers og eins nemanda.

Samkvæmt íslenskum rannsóknum hefur það komið í ljós að það getur reynst kennurum erfitt að laga nám að þörfum hvers og eins nemanda. Viðbrögð skóla við námserfiðleika er oftast byggð á læknisfræðilegum greiningum sem stangast á við félagslega sjónarhorn sem einkennir stefnuna um menntun fyrir alla. Í því sjónarhorni eru erfiðleikar nemanda settir í samhengi við þær hindranir og takmarkanir sem samfélagið hefur upp á að bjóða sem getur útilokað þátttöku þeirra. Í staðinn ætti frekar að vera að leitast eftir skýringum fyrir takmörkunum nemandans (Edda o. fl., 2021). Áhættuhegðun á borð við skólaforðun má skoða með hliðsjón af þessu.

Eins og áður hefur komið fram er skólaforðun margþætt vandamál, þar sem vanlíðan á borð við kvíða og/eða erfiðar heimilisaðstæður. Skólaforðun mætti flokka undir námserfiðleika þar sem nemandi á erfitt með að mæta í skóla, sem getur orðið til þess að nemandi dregst aftur úr í samanburði við samnemendur sína og upplifir þá erfiðleika í námi sínu (Reykjavíkurborg, 2017). Skólaforðun er til að meta ekki læknisfræðileg greining heldur mætti flokka skólaforðun undir félagslegt sjónarhorn. Félagsfræðilegt sjónarhorn leggur áherslu á að hindranir og skerðingar af ýmsu tagi takmarki ekki einstaklinginn í almennri þátttöku í samfélaginu. Félagslegt sjónarhorn leggur einnig áherslu á mannréttindi hvers og eins og horfir ferkar til heildarmyndarinnar en ekki einungis til greiningar og/eða annarskonar skerðingar (Rannveig Traustadóttir o. fl., 2010).

Þar af leiðandi er mikilvægt að horfa á heildarmyndina hjá nemanda og kafa dýpra hver orsökina eru á vandamálum þess og koma til móts við þau með aðferðum á borð við snemmtækan stuðning.

4 Lög um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna

Farsældarlögin eru ný lög sem ber þann tilgang að stuðla að farsæld barna með samþættri þjónustu. Í þessum kafla er fjallað um Farsældarlögin og hver tilgangur þeirra er, innleiðingu þeirra sem og mikilvægi snemmtæks stuðnings þegar kemur að því að grípa inn í áhættuhegðun barna og unglunga og stuðla þannig að farsæld þeirra.

4.1 Um lögin

Lög um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna nr 86/2021, eða Farsældarlögin eins og þau eru kölluð í daglegu tali varð að hugmynd árið 2018 þegar Ásmundur Einar Daðason í dag mennta- og barnamálaráðherra, þá félags- og jafnréttismálaráðherra boðaði til ráðstefnu um snemmtæka íhlutun í málefnum barna. Í framhaldi af ráðstefnunni var skrifað undir viljayfirlýsingu af fimm ráðherrum og Sambandi íslenskra sveitafélaga. Þessi viljayfirlýsing hafði það að markmiði að brúa bilið á milli kerfa og bæta þjónustu í þágu barna og í leiðinni skapa barnvænna samfélag á Íslandi. Í desember 2019 voru fyrstu drög að frumvarpi fyrir lög um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna kynnt hagsmunaaðilum og hliðarhópum. Síðar var frumvarpið kynnt fyrir almenningi í júní 2020 í gegnum samráðsgátt stjórnvalda (Stjórnarráð Íslands, e.d.). Lögin voru síðan samþykkt á Alþingi þann 22. júní 2021 og tóku síðan gildi þann 1. janúar 2022 og eru sveitarfélögin að vinna í innleiðingu þeirra í dag (lög um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna nr. 86/2021).


Markmið laganna er að stuðla að farsæld barna. Með farsældarlögunum er leitast eftir því að þau börn og foreldrar sem þurfi á samþættri þjónustu að halda fái hana án hindrana. Réttindi barna skulu ávallt vera tryggð við framkvæmd laganna í samræmi við stjórnarskrá og þær alþjóðlegu skuldbindingar eins og samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi barna (Lög um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna nr. 86/2021; Þingskjal nr. 1308/2020-2021; Þingskjal nr. 1702/2020- 2021).

Stigaskipting laganna er þríþætt og er flokkað eftir alvarleika hvers og eins máls. Fyrsta stig laganna fellur undir grunnþjónustu sem er aðgengileg öllum börnum í leik-, grunn- og framhaldsskólum (Barna- og fjölskyldustofa, 2022). Grunnþjónustan gegnir mikilvægu hlutverki þegar kemur að farsæld barna með því að grípa fyrir inn í og koma í veg fyrir erfiðleika seinna (sjá mynd 2).

Undir fyrsta stigi fellur einnig einstaklingsbundin þjónusta og snemmtækur stuðningur. Snemmtækur stuðningur vísar til úrræða sem eiga sér stað snemma á lífsleiðinni eða um leið og þörf fyrir þau vaknar (Þingskjal nr. 440/2020-2021). Dæmi um áskoranir sem eiga við á fyrsta stigi eru námsörðugleikar, hegðunarvandi, áföll eða minnihátta heilsufarsvandamál (Barna- og fjölskyldustofa, 2022).

Á öðru stigi laganna er veittur einstaklingsbundinn og markvissari stuðningur. Úrræðin er sérhæfðari og þjónustan fjölbreyttari og veitt af fleiri en einum þjónustuveitanda, til að tryggja farsæld barns. Þjónusta á öðru stigi er veitt þegar stuðningur á fyrsta stigi mun ekki eða hefur ekki borið árangur. Þörfin fyrir þjónustu á öðru stigi getur til dæmis verið heilbrigðis- félags-, og/eða námslegum aðstæðum (Barna- og fjölskyldustofa, 2022; Lög um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna nr. 86/2021).

Undir þriðja og síðasta stigið falla úrræði þar sem veittur er sérhæfður stuðningur til að tryggja farsæld barns sé örugg og af því stafar ekki hættu. Þegar um er að ræða þjónustu á þriðja stigi er vandinn orðin flókinn og umönnunarþörfin mikil. Barn á þessu stigi er þá í aðstæðum þar sem skortur á viðeigandi úrræðum og stuðningi er ekki til staðar sem getur haft alvarlegar afleiðingar og ógnað heilsu og þroska þess. Á þessu stigi er verið að tala um þjónustu á borð við barnavernd, vistunarúrræði á grundvelli barnaverndarlaga og umfangsmikinn og fjölþættan stuðning við fötluð börn (Barna- og fjölskyldustofa, 2022; Lög um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna nr. 86/2021).



Mynd 2. Stigaskipting farsældarlaganna (Stjórnarráð Íslands, e.d.)

Öll stigin hafa það að markmiði að stuðla að farsæld barna og styðja þau eftir stuðningsþörfum hvers og eins. Með slíkri stigaskiptingu má því álykta að hægt sé að þjónusta og styðja við börn og fjölskyldur þeirra um leið og þörf er á slíku inngripi.

4.2 Hvernig er verið að innleiða lög

Farsældarlögin tóku gildi þann 1. janúar 2022 og eru sveitarfélögin að vinna í innleiðingu þeirra í dag. Eins og kemur fram í frumvarpinu eru ákveðnar stigaskiptingar í lögnum sem þarf að fylgja við innleiðingu laganna. Samkvæmt leiðbeiningum við innleiðingu farsældarlaganna frá Barna- og fjölskyldustofu (BOFS) skal skipa tengilið farsældar fyrir öll skólastigin (leik-, grunn- og framhaldsskóla) og á heilsugæslustöðvum sveitarfélagsins ásamt því að skipa málstjóra. Þessum upplýsingum skal skila til BOFS sem heldur utan um þessar upplýsingar. Tengiliður skal ávallt vera aðgengilegur í nærumhverfi barns. Til að tengiliður og málstjóri farsældar geti sinnt sínum hlutverkum skal vera greiður aðgangur að úrræðalistum. Það er á ábyrgð sveitarfélaganna að fara yfir og skrá þau úrræði sem eru fyrir bæði börn og barnafjölskyldur í því sveitarfélagi. Sveitarfélögin eiga að uppfæra slíka úrræðalista reglulega og þá er mikilvægt að hafa aðgang að þeim upplýsingum um úrræði á vegum hagsmunasamtaka, íþrótt- og æskulýðssamtaka og þeirra sjálfstætt starfandi aðila sem sveitarfélagið býður upp á. Sveitarfélögin eiga að skoða hvernig þjónustuveitundur hvers og eins sveitarfélags geti unnið að snemmtækri nálgun, unnið sem best saman og stutt við hlutverk tengiliða og málstjóra. Mikilvægt er að upplýsa og kynna farsældarlögin fyrir börnum og foreldrum/forráðamönnum og því fagfólki sem starfar innan sveitarfélagsins. Upplýsingar um tengiliði skulu vera aðgengilegar fyrir almenning. Að lokum, við innleiðingu farsældarlaganna eiga sveitarfélögin að skipa svæðisbundin farsældarráðs sem vinnur með öðrum sveitarfélögum á svæðinu sbr. 5.gr. laga um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna. Í farsældarráðinu skipa fulltrúar svæðisbundinna þjónustuveitanda á vegum ríkis og sveitarfélaga (Barna- og fjölskyldustofa, e.d.).

Barna- og fjölskyldustofa stendur fyrir heimsóknnum til allra sveitafélaga þar sem farið er yfir innleiðingu farsældarlaganna, þessar heimsóknir eru kallaðar Farsældarrútan. Í heimsóknunum var farið yfir þær áskoranir sem innleiðing laganna hefur falið í sér og hvernig sé best að kljást við þær. Samkvæmt Farsældarrúttunni eru sveitarfélögin komin mislangt í innleiðingu laganna, en innleiðingin er þó komin vel af stað í öllum sveitarfélögum (Barna- og fjölskyldustofa, 2023).

4.3 Snemmtækur stuðningur og farsæld

Eins og kemur fram í lögnum er aðal markmið laganna að stuðla að farsæld barna. Með innleiðingu laganna getur tengiliður farsældar gripið inn í áður en vandinn verður of flókinn (Barna- og fjölskyldustofa, 2023). Í frumvarpinu um farsældarlögin er hugtakið snemmtækur stuðningur notað til að lýsa þeim úrræðum sem hafa það að markmiði að veita bæði börnum og fjölskyldum þeirra hjálp um leið og þörf fyrir hana vaknar. Þegar um er að ræða snemmtækan stuðning er verið að ræða um snemmbúnað aðgerðir gagnvart börnum sem

glíma við vægan vanda. Markmið snemmtæks stuðnings er meðal annars að koma í veg fyrir að vandinn aukist og verði það af leiðandi erfiðari viðureignar. Hugtakið snemmtækur stuðningur var frekar valið í stað annarra hugtaka eins og snemmtæk íhlutun þar sem hugtakið snemmtækur stuðningur þótti falla betur undir markmið frumvarpsins (Þingskjal nr. 440/2020-2021).

Með snemmtækum stuðningi er því ekki lengur þörf á að fá greiningu til að fá þjónustu sem stuðlar að farsæld (lög um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna, nr. 86/2021). Þess má álykta að stuðningur sem þessi ætti að gera kröfu til allra sem að barninu koma að sýna næmni fyrir því sem er virkilega í gangi hjá barninu. Það ætti því ekki að vera forgangsatríði að finna orsök sem hægt er að greina út frá sálfræði eða læknisfræði. Snemmtækur stuðningur tekur tillit til heildarumhverfis barns en ekki einungis í skóla sem er mikilvægt til að stuðla að farsæld.

Snemmtæk íhlutun og snemmtækur stuðningur eru tvö mismunandi hugtök. Snemmtækur stuðningur merkir að grípa snemma inn í hvenær sem þörf fyrir stuðning vaknar en það felur í sér að hægt er að beita snemmtækum stuðningi hjá unglingi sem farinn er að sýna áhættuhegðun, svo dæmi sé tekið. Skilgreiningin á snemmtækri íhlutun felur hins vegar í sér að íhlutun hefst snemma í lífi barns og felur í sér aðgerðir þar sem reynt er að hafa áhrif á þróun þroska hjá barni með þroskafrávik með markvissum aðferðum eins snemma og hægt er á æviskeiði barnsins (Ásthildur Bj. Snorradóttir o.fl., 2014). Yfirleitt er miðað við yngra aldursbil þegar fjallað er um snemmtæka íhlutun, það er að segja allt frá fæðingu og til 6 ára aldurs eða um leið og grunur vaknar um frávik í þroska. Þegar grunur um frávik í þroska vaknar þarf að grípa inn í með snemmtækri íhlutun (Ráðgjafar- og greiningarstöð, e.d.).

Með snemmtækum stuðningi er stefnt að því hafa áhrif og koma í veg fyrir skerta lífsmöguleika barna. Rannsóknir sýna að snemmtækur stuðningur hefur ekki aðeins áhrif á lífsgæði barna, heldur stuðlar hann einnig að ýmsum ávinningi fyrir samfélagið þar á meðal félagslegum og efnahagslegum (Fox, o. fl., 2015). Það má því sjá að hugtakið snemmtækur stuðningur nær yfir stærra aldursbil og er ekki einungis notað þegar grunur um þroskafrávik vaknar. Þess má geta að snemmtækur stuðningur hefur það að markmiði að þjónusta alla og koma í veg fyrir að vandi eins og áhættuhegðun aukist eða verði alvarleg. Snemmtækur stuðningur hefur þann kost að þörf á læknisfræðilegri greiningu er ekki nauðsynleg, heldur er hægt að þjónusta barn um leið og vandi gerir vart við sig.

Samkvæmt skýrslu Reykjavíkurborgar um skólaforðun (2017) getur snemmtæk íhlutun unnið gegn skólaforðun hjá barni eða unglingi. Mikilvægt er að greina einkenni skólaforðunar

snemma, sem og aðra áhættuhegðun hjá börnum og unglíngum og grípa til þeirra aðferða og inngripa sem til eru til þess að styðja við barnið og/eða unglínginn.

Það má því álykta að með innleiðingu farsældarlaganna sé hægt að veita inngrip fyrr og þá einnig á mismunandi stigum.

Farsældarlögin er ekki einungis aukinn stuðningur við börn heldur einnig við fjölskyldur þeirra. Með lögnum er myndað teymi sem gerir börnum og fjölskyldum þeirra kleift að leitast eftir samþættri aðstoð og stuðningu, og ef til vill skýrari svörum við þeirra vangaveltum (Barna- og fjölskyldustofa, 2023).

Þegar litið er á heildarmyndina þarf að hafa í huga að snemmtækur stuðningur á ekki einungis við um barn innan skóla, heldur á stuðningurinn að ná einnig til foreldra eins og sjá má í lögnum. Í lögnum er tekið fram að öll þjónusta sem mælt er fyrir í lögnum eigi að tryggja farsæld og velferð barns en sé einnig aðgengileg fyrir foreldra (Lög um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna nr. 86/2021). Það er því mikilvægt að draga fram að stuðningsþörf barns snýst ekki alltaf um skerðingu sem barn á að hafa heldur aðstæður barns. Birtingarmyndir áhættuhegðunar geta verið erfið hegðun í skóla, mótþrói, vanlíðan, kvíði og forðun og þess vegna þarf ávallt að skoða heildarmynd barns en ekki bara birtingarmynd hegðunar í skóla.

Meginmarkmið farsældarlaganna er að börn og foreldrar hafi greiðan aðgang að samþættri þjónustu án nokkurra hindrana. Þeir sem bera ábyrgð, samkvæmt lögnum eiga að gæta bæði farsældar og velferð barna og fjölskyldu þeirra, meta og bregðast við þörfum þeirra um leið og þörf er á með það að markmiði að þjónustan sé samþætt í þágu farsældar barna (lög um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna nr. 86/2021).

5 Lokaorð

Það er flókin og margþætt reynsla að vera unglingur. Þetta er tími sjálfsuppgötvunar, könnun á félagslegum viðhorfum og tilfinningalegrar vaxtar. Á þessu tímabili á sér stað mikill þroski og því getur fylgt margskonar áskoranir. Á þessum árum er meiri hætta á að einstaklingur leiðist út í áhættuhegðun þar sem þetta er það tímabil sem einstaklingur er að prófa sig hvað mest áfram á lífskeiðinu (Santrock, 2023). Svárið við rannsóknarspurningu þessarar ritgerðar „Hvað er áhættuhegðun og hverjar eru birtingarmyndir hennar? Hvers vegna eru lög um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna mikilvæg með tilliti til áhættuhegðunar?“ er því ekki með eitt rétt svar. Eins og fram hefur komið er áhættuhegðun ekki einfalt fyrirbæri og getur leitt með sér alvarlegar afleiðingar. Áhættuhegðun er hegðun eða athöfn einstaklings sem felur í sér tilraun eða ögrun sem getur borið með sér möguleika á skaða eða alvarlegum afleiðingum (Barnaverndarstofa, 2012). Eins og komið hefur fram getur áhættuhegðun sýnt sig á margskonar hátt og haft í för með sér marga áhættuþætti sem geta ýtt undir slíka hegðun (Elísabet Karlsdóttir og Erla Björg Sigurðardóttir, 2015).

Áhættuhegðun er jú oft tengd við unglingsárin þar sem unglingsárin fela í sér mikið af þroskabreytingum eins og kynþroski og einstaklingur er að prófa sig áfram í lífinu. Á þessum árum upplifa unglingar oft mikinn félagslegan þrýsting og eru þar af leiðandi meira berskjölduð til að leiðast út í áhættuhegðun af öllum toga (Patton o. fl., 2016).

Skólaforðun er margþætt vandamál og má því álykta að með stuðningi og réttri þjónustu er hægt að koma til móts við þá nemendur sem glíma við kvíða eða aðra vanlíðan sem leiðir til forðunar að mæta í skólann. Skólaforðun er vaxandi vandamál í grunnskólum, bæði hér á landi og í öðrum löndum (Velferðarvaktin, 2019).

Til geta mætt þessum vanda sem skólaforðun er að mati höfundar, þarf skólinn að sýna næmni og skilning fyrir ólíkum þörfum nemanda og þeim undirliggjandi áskorunum sem eru ekki endilega alltaf sýnilegir og þá er hægt að nota snemmtækan stuðning sem hjálpartól. Þar af leiðandi er mikilvægt að styðjast við farsældarlögin með snemmtækan stuðning sem leið til að takast á við þennan vanda sem skólaforðun er. Það má því gagnrýna að sveitarfélögin styðjist enn að miklu leyti við læknisfræðilegar greiningar en ekki við þarfir hvers og eins nemanda þegar stuðningi er úthlutað (Edda o. fl., 2021).

Það má álykta að skólaforðun sé sú tegund áhættuhegðunar sem hægt er að hafa áhrif á og koma í veg fyrir með snemmtækum stuðningi. Þessi tegund áhættuhegðunar er þess eðlis að hún getur haft neikvæð áhrif á aðrar áhættuhegðun sem barn eða unglingur sýnir. Það er því mikilvægt að halda unglingi í virkni innan bæði skólakerfisins og í tómstundum þar sem er stuðlað að samskiptum og félagslegri þátttöku. Eins og áður hefur komið fram eru þeir

unglingar sem stunda einhverskonar tómstundir utan skólatíma ólíklegri til að leiðast út í áhættuhegðun (Lipowski o. fl., 2015).

Í þessari ritgerð er leitað eftir því hvort að lög um samþætta þjónustu í þágu farsæld barna, eða farsældarlögin geti komið í veg fyrir á áhættuhegðun hjá unglíngum. Það má því álykta að með innleiðingu farsældarlaganna sé hægt að grípa inn í áhættuhegðun unglínga þar sem markmið þeirra er að stuðla að farsæld barna og fjölskyldu þeirra með stigaskiptri þjónustu (Barna- og fjölskyldustofa, 2023; Lög um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna nr. 86/2021). Farsældarlögin eru enn frekar ný og sveitarfélögin enn að vinna í innleiðingu þeirra í dag eru því ekki komnar margar rannsóknir eða almennar upplýsingar um hvort þau hafi borið árangur. Það er samt sem áður hægt að gera ráð fyrir því að lögin eigi eftir að bera góðan árangur og stuðla að bættu samfélagi.

Það er þess vegna hægt að gera ráð fyrir því að með rétttri innleiðingu laganna er hægt að stuðla að samþættri þjónustu fyrir börn og fjölskyldur þeirra þegar vandamál gera vart um sig. Í kjölfar þess er þá hægt að bregðast við þörfum og áskorunum hjá unglíngum á snemmtækan hátt og þannig mögulega draga úr áhættuhegðun hjá unglíngum.

Eins og komið hefur fram er markmið snemmtæks stuðnings að veita bæði börnum og fjölskyldum þeirra aðstoð um leið og þörfin fyrir slíka aðstoð vaknar og koma þá í veg fyrir að vandinn hafa með sér alvarlegar afleiðingar (Þingskjal nr. 440/2020-2021). Snemmtækur stuðningur getur þess vegna haft jákvæð áhrif á áhættuhegðun hjá unglíngum þar sem hægt er að veita þeim unglíngum sem sýna merki um áhættuhegðun þá aðstoð sem þeir þurfa og eflaust hægt að grípa þau fyrr með snemmtækum stuðningi.

Án snemmtæks stuðnings og innleiðingu farsældarlaganna myndu þau börn og unglíngar sem sýna áhættuhegðun ekki endilega fá þá aðstoð sem þau þurfa á að halda í tæka tíð, þ.e. áður en vandinn verður alvarlegur. Áður fyrr hefði þessi hópur barna ef til vill þurft að bíða á löngum biðlistum til þess að fá þjónustu og/eða greiningu og þá er oft orðið of seint að grípa til aðgerða. Snemmtækur stuðningur horfir ekki einungis á læknisfræðilegar greiningar heldur á vandann sem heild. Þar af leiðandi er búið að fjarlægja hindranir og hægt að veita stuðning og þjónusta við barnið eftir þörfum þess og á sama tíma búa til barnvænna samfélag. Með 1. stigi farsældarlaganna, þar sem snemmtækur stuðningur er nýttur er hægt að grípa inn í strax og vandinn gerir vart við sig (Þingskjal nr. 440/2020-2021).

Niðurstöður þessarar ritgerðar sýnir að farsældarlögin eru mikilvæg til að stuðla að velferð og farsæld barna með því að veita snemmtækan stuðning og grípa unglínga með vandamál á borð við áhættuhegðun um leið og þörf er á.

Að mati höfundar er innleiðing farsældarlaganna jákvæð þróun til að stuðla að farsæld barna hér á landi. Unglíngar eru viðkvæmur hópur sem að mati höfundar á það til að

gleymast í umræðunni í samfélaginu og fær þar af leiðandi minni athygli. Með farsældarlögunum og snemmtækum stuðningi er hægt að þjónusta og veita börnum þann stuðning sem þau þurfa án læknisfræðilegra eða sálfræðilegrar greiningar. Snemmtækur stuðningur gerir okkur kleift að horfa á heildarmyndina en ekki einungis stöðu barns innan skólans sem er mjög mikilvægt til að stuðla að vellíðan og farsæld barns að mati höfundar. Þar sem höfundur þessa ritgerðar hefur reynslu á að starfa með unglingum með vanda eins og áhættuhegðun telur hann að snemmtækur stuðningur geti aðstoðað þá unglinga og leitt þau á rétta braut. Eins og komið hefur fram í ritgerðinni er skólaforðun að verða alvarlegt vandamál í skólakerfum héraendis og kynntist höfundur ritgerðarinnar þessum vanda í störfum sínum í grunnskóla á unglingastigi, þar sem í sumu tilfellum var eina markmiðið að fá nemendur til að mæta í skólann til að sporna við skólaforðun og koma til móts við þennan vanda þeirra.

Þar sem unglingsárin eru viðkvæmt tímabil, með miklum breytingum þarf samfélag okkar að halda vel utan um þennan viðkvæma hóp og reyna að sinni allri bestu getu að stuðla að farsæld og velferð þeirra með farsældarlögin að leiðarljósi.

Heimildaskrá

Alma Ómarsdóttir. (2024, 17. apríl). Æ algengara að foreldrar taki börn úr skólanum í margra vikna frí. *RÚV*. <https://nyr.ruv.is/frettir/innlent/2024-04-17-ae-algengara-ad-foreldrar-taki-born-ur-skolanum-i-margra-vikna-fri-410534>

Aðalnámskrá grunnskóla 2011: Almennur hluti /2011.

Ásthildur Bj. Snorradóttir, Anney Ágústsdóttir, Bergrós Ólafsdóttir, Margrét Þóra Jónsdóttir og Sigurður Sigurjónsson. (2014). Snemmtæk íhlutun í málörvun tveggja til þriggja ára barna. Akranes. GuðjónÓ – vistvæna prentsmiðjan.

Barna- og fjölskyldustofa. (2022). Samþætting þjónustu í þágu farsældar barna. Barna- og fjölskyldustofa. <https://www.bofs.is/media/almennigur/Samthaetting-thjonustu-i-thagu-farsaeldar-barna-fyrir-heimasidu.pdf>

Barna- og fjölskyldustofa. (2023). *Farsældarrútan*. <https://www.bofs.is/media/almennigur/Farsaeldarruta-BOFS-2023-Lokaskyrsla-deseember-2023.pdf>

Barna- og fjölskyldustofa. (e.d.). *Leiðbeiningar um innleiðingu á lögum um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna*. Barna- og fjölskyldustofa. <https://www.bofs.is/farsaeld/leidbeiningar-um-innleidingu-til-sveitarfelaga/>

Barnaverndarlög nr. 80/2002

Bernstein, G. A. og Borchardt, C. M. (1996). School refusal: Family constellation and family functioning. *Journal of Anxiety Disorders*, 10(1), 1-19 [https://doi.org/10.1016/0887-6185\(95\)00031-3](https://doi.org/10.1016/0887-6185(95)00031-3)

Bonino, S., Cattelinno, E. og Ciairano, S. (2005). *Adolecents and risk: Behaviors, functions and protective factors*. Springer.

Borsari, B. og Carey, K. B. (2001). Peer influences on college drinking: A review of the research. *Journal of Substance Abuse*, 13(4), 391-424. [https://doi.org/10.1016/S0899-3289\(01\)00098-0](https://doi.org/10.1016/S0899-3289(01)00098-0)

- Brechwald, W. A. Og Prinstein, M. J. (2011). Beyond Homophily: A Decade of Advances in Understanding Peer Influence Processes. *Journal of Research on Adolescence*, 21(1), 166-179. <https://doi.org/10.1111/j.1532-7795.2010.00721.x>
- Crone, E. A., og Dahl, R. E. (2012). Understanding adolescence as a period of social-affective engagement and goal flexibility. *Nature Reviews Neuroscience*, 13(9), 636-650.
- Durkee, T., Kaess, M., Carli, V., Parzer, P., Wasserman, C., Floderus, B. o.fl. (2012). Prevalence of pathological internet use among adolescents in Europe: demographic and social factors. *Addiction*, 107(12), 2210–2220.
- Edda Óskarsdóttir, Hermína Gunnþórsdóttir, Birna M. Svanbjörnsdóttir og Rúnar Sigþórsson. (2021). Framkvæmd stefnu um menntun fyrir alla á Íslandi: Viðhorf skólafólks og tillögur um aðgerðir. *Netla – Vef tímarit um uppeldi og menntun*. 1-19. <https://netla.hi.is/greinar/2021/rynd/07.pdf>
- Elísabet Karlsdóttir og Erla Björg Sigurðardóttir. (2015). Jaðarstaða foreldra - velferð barna. Ritróð um rannsóknaverkefni á sviði félagsráðgjafar, 2015(8). Ritstjóri: Sigrún Júlíusdóttir. Reykjavík: Rannsóknastofnun í barna og fjölskylduvernd.
- Elliott, J. G. (1999). Practitioner review: School refusal: Issues of conceptualisation, assessment, and treatment. *The Journal of Child Psychology and Psychiatry and Allied Disciplines*, 40(7), 1001–1012. <https://doi.org/10.1111/1469-7610.00519>
- Fossati, A., Ceglie, A. D., Acquarini, E. og Barratt, E. S. (2002). Psychometric Properties of an Adolescent Version of the Barratt Impulsiveness Scale-11 for a Sample of Italian High School Students. *Perceptual and Motor Skills*, 95(2), 621-635. <https://doi.org/10.2466/pms.2002.95.2.621>
- Fox, S., Southwell, A., Stafford, N., Goodhue, R., Jackson, D. og Smith, C. (2015). Better Systems, Better Chances: A Review of Research and Practice for Prevention and Early Intervention. Australian Research Alliance for Children and Youth (ARACY). https://www.facs.nsw.gov.au/_data/assets/pdf_file/0008/335168/better_systems_better_chances_review.pdf
- Freydís Jóna Freysteinsdóttir. (2004). Endurtekinn misbrestur í uppeldi barna: Helstu áhættuþættir. Í Úlfar Hauksson (ritstjóri), *Rannsóknir í félagsvísindum V - félagsvísindadeild* (bls 315-324). Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands.

- Freydís Jóna Freysteinsdóttir. (2008). Unglingar í vanda: Samanburður á unglíngum með áhættuþegðun sem fara í langtímameðferð annars vegar og fá vægari úrræði hins vegar af hálfu barnaverndaryfirvalda. *Tímarit Félagsráðgjafa*, 3(1), 5-16.
- Holland, G. og Tiggemann, M. (2016). A systematic review of the impact of the use of social networking sites on body image and disordered eating outcomes. *Body Image*, 17, 100- 110. <https://doi.org/10.1016/j.bodyim.2016.02.008>.
- Johnston, L. D., Miech, R. A., O'Malley, P. M., Bachman, J. G., Schulenberg, J. E. Og Patrick, M. E. (2020). *Monitoring the Future national survey results on drug use, 1975-2019: Overview, key findings on adolescent drug use*.
<https://deepblue.lib.umich.edu/bitstream/handle/2027.42/162579/FINAL.pdf?sequ>
- Kearney, C. A. og Silverman, W. K. (2007). Family environment of youngsters with school refusal behavior: A synopsis with implications for assessment and treatment. *The American Journal of Family Therapy*, 23(1), 59-72.
<https://doi.org/10.1080/01926189508251336>
- Lander, L., Howsare, J. og Byrne, M. (2013). The Impact of Substance Use Disorders on Families and Children: From Theory to Practice. *Social Work in Public Health*, 28(3-4), 194-205. <https://doi.org/10.1080/19371918.2013.759005>
- Lansford, J. E., Dodge, K. A., Pettit, G. S., Bates, J. E., Crozier, J. og Kaplow, J. (2002). A 12-Year Prospective Study of the Long-term Effects of Early Child Physical Maltreatment on Psychological, Behavioral, and Academic Problems in Adolescence. *Arch Pediatr Adolesc Med*, 156(8), 824-830. [10.1001/archpedi.156.8.824](https://doi.org/10.1001/archpedi.156.8.824)
- Lipowski, M., Lipowska, M., Jochimek, M. og Krokosz, D. (2015). Resiliency as a factor protecting youths from risky behaviour: Moderating effects of gender and sport. *European Journal of Sport Science*, 16(2), 246-255.
<https://doi.org/10.1080/17461391.2015.1024755>
- Lisdahl, K. M., Sher, K. J., Conway, K. P., Gonzalez, R., Ewing, S. W. F., Nixon, S. J., ... & Heitzeg, M. (2018). Adolescent brain cognitive development (ABCD) study: Overview of substance use assessment methods. *Developmental cognitive neuroscience*, 32, 80-96.
<https://doi.org/10.1016/j.dcn.2018.02.007>

Lög um grunnskóla nr. 91/2008

Lög um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna nr. 86/2021.

- Patton, G. C., Sawyer, S. M., Santelli, J. S., Ross, D. A., Afifi, R., Allen, N. B., ... & Viner, R. M. (2016). Our future: a Lancet commission on adolescent health and wellbeing. *The Lancet*, 387(10036), 2423-2478. [https://doi.org/10.1016/S0140-6736\(16\)00579-1](https://doi.org/10.1016/S0140-6736(16)00579-1)
- Peebles, R., Wilson, J. L. og Lock, J. D. (2011). Self-Injury in Adolescents With Eating Disorders: Correlates and Provider Bias. *Journal of Adolescent Health*, 48(3), 310-313. <https://doi.org/10.1016/j.jadohealth.2010.06.017>
- Piaget, J. (1952). *The origins of intelligence in children*. W. W Norton & Co. <https://doi.org/10.1037/11494-000>
- Rannveig Traustadóttir, Hanna Björg Sigurjónsdóttir og Helgi Þór Gunnarsson. (2010). Að alast upp með fötlun: Frásagnir hreyfihamlaðra ungmenna af æsku sinni og uppveiti. *Uppeldi og menntun*, 19(1–2), 131-150. <https://timarit.is/page/5283384#page/n129/mode/2up>
- Ráðgjafar- og greiningarstöð. (e.d.). Snemmtæk íhlutun fyrir börn með raskanir á einhverfurófi (gagntækar þroskaraskanir). <https://www.rgr.is/is/moya/page/snemmtaek-ihlutun-fyrir-born-med-raskaniraeinhverfurofi-gagntaekar-throskaraskanir>
- Reykjavíkurborg. (2017). *Skýrsla teymis um skólaforðun barna í efri bekkjum grunnskóla og neðstu bekkjum framhaldsskóla*. https://fundur.reykjavik.is/sites/default/files/agenda-items/lokaeintak_skyrsla_teymis_um_skolafordun_4.april_.pdf
- Samband íslenskra sveitarfélaga. (2019, 13. mars). *Rannsókn á skólasókn – skólaleyfi og skólaforðun*. Samband íslenskra sveitarfélaga. <https://www.samband.is/frettir/rannsokn-a-skolasokn-og-skolafordun/>
- Santrock, J. W. (2023). *Adolescence* (18. útgáfa.). McGraw-Hill Education.
- Shin, S. H., Edwards, E. M., og Heeren, T. (2009). Child abuse and neglect: Relations to adolescent binge drinking in the national longitudinal study of Adolescent Health (AddHealth) Study. *Addictive Behaviors*, 34(3), 277-280. <https://doi.org/10.1016/j.addbeh.2008.10.023>
- Sigrún Aðalbjarnardóttir. (2019). *Lífssögur ungs fólks: Samskipti, áhættuhegðun, styrkleikar*. Háskólaútgáfan

Sjónarhóll. (2023, 26. september). *Skólaforðun*. Sjónarhóll. <https://sjonarholl.is/skolafordun/>

Steinberg, L. (2008). A social neuroscience perspective on adolescent risk-taking.

Developmental Review, 28(1), 78-106. [10.1016/j.dr.2007.08.002](https://doi.org/10.1016/j.dr.2007.08.002)

Steinberg, L. (2014). The influence of neuroscience on US Supreme Court decisions about adolescents' criminal culpability. *Nature Reviews Neuroscience*, 15(12), 869-875.

Steinberg, L. (2017). *Adolescence* (11. útgáfa.) McGraw-Hill Education.

Unnur Guðnadóttir. (2011). Tengsl líkamsmyndar við efnishyggju og gildi neyðsamfélagsins um vaxtarlag. Reykavík: Háskóli Íslands.

Van Ryzin, M. J., Fosco, G. M., og Dishion, T. J. (2012). Family and peer predictors of substances use from early adolescence to early adulthood: An 11 year prospective analysis. *Addictive Behaviors*, 37(12), 1314-1324

<https://doi.org/10.1016/j.addbeh.2012.06.020>

Velferðarvaktin. (2019). Velferðarvaktin skólaforðun: Skólasókn grunnskólanema.

<https://www.stjornarradid.is/library/04-Raduneytin/Felagsmalaraduneytid/2019-03-11-Velfer%c3%b0arvaktin-Sk%c3%b3las%c3%b3kn-Mask%c3%adnusk%c3%bdrsla.pdf>

Pingskjal nr. 440/2020-2021. Frumvarp til laga um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna.

Pingskjal nr. 1308/2020-2021. Tillaga til þingsályktunar um Barnvænt Ísland - framkvæmd barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna.

Pingskjal nr. 1702/2020-2021. Þingsályktun um barnvænt Ísland – framkvæmd barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna.

Wimmer, M. B. (2013). Evidence based practices for school refusal and truancy. National Association of School Psychologists.

World Health Organization. (e.d.). *Adolescent health*. World Health Organization.

https://www.who.int/health-topics/adolescent-health/#tab=tab_1

World Health Organization. (2021, 17. nóvember). *Mental health of adolescents*. World Health Organization. <https://www.who.int/news-room/fact-sheets/detail/adolescent-mental-health>